

Hverfisráð Hríseyjar

27. fundur

Miðvikudaginn 15. október 2008 kl. 18:00 var 27. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Kristinn, Linda María, Ingimar, Hjördís Ýrr og Þorgeir Jónsson.

Dagskrá:

1. Umferðarmál. Hjördís gerði grein fyrir samtali sínu við Sigurð Helgason hjá Umferðarstofu um hvaða úrræði séu best til að draga úr hraða og auka umferðaöryggi hér í Hrísey í ljósi mikillar fjölgunar ökutækja.
“Ákveðið að senda erindi um þessi öryggismál til: Bæjarráðs- Framkvæmdaráðs- og Skipulagsnefndar Akureyrarbæjar, Sýslumannsins og lögreglunnar á Akureyri og Umferðarstofu”
2. Staðardagskrá 21.
Farið yfir drög að Staðardagskrá 21 fyrir Hrísey sem unnin voru af Hverfisráði í apríl 2007.
“Nefndarmenn sjá ekki ástæðu til að gera neinar breytingar, nema ef vera kynna að bæta við”.
Umhverfisnefnd stefnir á að halda fund á næstu vikum í Hrísey
3. Samgöngumál :
Rætt um fjölgun ferjuferða til að mæta þörfum þeirra sem hafa fasta vinnu í landi.
“Samþykkt að fara af stað með undirskriftarlista sem sendur verður til Samgönguráðuneytis til að undirstrika bréf sem Hverfisráð sendi frá sér í júní s.l. um þetta mál”
4. Önnur mál:
Sorpmaal. Fyrr á þessu ári komu 2 sorpflokkunarstöðvar til Hríseyjar og eru þær ekki ennþá komnar í notkun. Nauðsynlegt er að sem fyrst verði gengið frá uppsetningu þeirra til að hægt sé að flokka eins mikið og hægt er og minnka um leið það sorp sem fer frá eygni til urðunar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Kristinn Fr. Árnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Kristján Ingimar Ragnarsson
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Þorgeir Jónsson

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrúnu Kristjánsdóttur